# Fluren 39 Desinfection

## Vörulýsing

Hreinsiþykkni til að nota innanhúss. Efnið fjarlægir bakteríu og myglusvepp í rakamiklum rýmum sem og í kælitækjum. Einnig hægt að nota til að ná slæmri lykt úr fatnaði.




- **Virkar gegn myglusvepp og bakteríum**
- **Fjarlægir slæma lykt úr fatnaði**
- **Virkar vel á rafmögnun í fatnaði**

## Notkunarmöguleikar

Í kjöllurum og öðrum rökum rýmum.
Í eldhúsinu getur efnið nýst á ísskaápa, frystikistur, eldavélar, hnífa og vinnuborð.
Á baðherberginu er efnið t.d. hentugt fyrir vaskinn, baðkarið og sturtuhausinn.
Einnig er hægt að leggja sturtuhengið í bleyti.
Fatnað og skó sem lykta illa má leggja í bleyti.
Efnið getur einnig nýst til að hreingera ýmislegt sem snýr að dýrahaldi, t.d. hunda- katta- og fuglabúr og matarílát fyrir gæludýr.

## Meðhöndlun

Hreingerið flötinn með vatni og hreinsiefni.
Blandið efnið með vatni í hlutföllunum 1:4 (líter af Fluren 39 út í 4 lítra af vatni). Berið á með klút, svampi eða bursta og leyfið efninu að vinna í 5 mínútur áður en þurrkað er yfir með undinni tusku eða klút. Ef leggja á fatnað eða skó í bleyti þá skal leyfa að liggja í ca. 30 mínútur og skola svo á eftir með hreinu vatni. Að því loknu skal setja fötin eða skóna í þvottavél og þvo eins og venja er.

## Gagnlegar upplýsingar

Þegar lagt er í bleyti eda efnið borið á fleti sem komast í beina snertingu við matvæli skal ævinlega skola vel á eftir með hreinu vatni.
Fluren 39 bleikir ekki litheld textílefni.
Ef þú ert í vafa um hvort efnið sem á að hreinsa er lithelt er gott að gera prufu á lítið áberandi stað.

**Geymsla:** Geymist á köldum en frostlausum stað.

## Viðbótar upplýsingar

Geymsluþol: 24 mánuðir í óopnuðum umbúðum.

# Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Vara | Hreinsiefni |
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1,0 |
| pH gildi | 8 |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

**Núverandi TDS útgáfa**

apríl 2024

**Í staðinn fyrir TDS útgáfu**

desember 2021